

Bæjarstjórinn á Selfossi f.h. **Selfoskaupstaðar**, og **Skógræktarfélag Selfoss** gera með sér svofelldan

S A M N I N G

með því meginmarkmiði að friða og rækta Hellisskóg í landi Selfoskaupstaðar til afnota fyrir bæjarbúa og þá sem njóta vilja útivistar í grónu og föggu umhverfi.

1.gr.

Hellisskógur er á ytri bakka Ölfusár umhverfis Hellisholt og Grímskletta. Hann afmarkast að suðaustan af Ölfusá, að vestan af girðingu umhverfis landspildu þeirri er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti, hefur til afnota og af girðingu fyrir vestan klettanna að Kristjánstúni, austur fyrir það að horni Guðbjargarspildu og u.þ.b. úr norðvesturhorni hennar beina línu til norðaustur og þaðan til norðurs eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti, framhjá Einholti og sorpurðunarsvæði að Biskupstungnabraut og fylgi þjóðvegi að bæjarmörkum að austan og fylgi þeim að Ölfusá, sbr. meðfylgjandi uppdrátt frá Verkfræðistofu Suðurlands, nr. 93.147, dags. 13. maí 1994, sem er hluti þessa samnings. Heildarstærð svæðisins sem samningur þessi nær til er 120,3 hektarar.

2.gr.

Selfoskaupstaður felur Skógræktarfélagi Selfoss alla umsjón og framkvæmdir í Hellisskógi. Við þær framkvæmdir skal taka tillit til hugsanlegrar brúar um Efri-Laugadælaeyju.

3.gr.

Hellisskógur er friðaður fyrir ágangi búfjár á sama hátt og önnur skógræktarsvæði. Það skal opið öllum almenningi og öllum frjálst að dveljast þar enda sé þeim reglum hlítt sem settar verða um umgengni og umferð í samráði Skógræktarfélags Selfoss og bæjarstjórnar Selfoss. Öll mannvirkjagerð í Hellisskógi svo sem byggingaframkvæmdir, vegagerð og aðveitulagnir, rafmagn og vatn, skal unnið í samvinnu aðila, bæði bæjarstjórnar og skógræktarfélagsins.

4.gr.

Skógræktarfélag Selfoss tekur að sér að hafa umsjón með skógrækt í Hellisskógi eftir þeim reglum sem samningsaðilar setja. Selfoskaupstaður

setur upp fjárhelda girðingu umhverfis skógræktarlandið og kostar viðhald hennar og hreinsun svæðisins í samvinnu við skógræktarfélagið. Girðingarframkvæmdum um svæðið skal lokið í maí 1995.

Stjórn félagsins er heimilt að ráða starfsmann með fjárstuðningi Selfoskaupstaðar í hálfu eða heila stöðu hluta hvers árs samkvæmt samkomulagi aðila á grundvelli fjárveitinga í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs. Skal hann annast verkstjórn og sjá um framkvæmdir á svæðinu í samvinnu við garðyrkjustjóra Selfoss. Stefnt er að því að andvirði fjárstuðnings Selfoskaupstaðar verði ekki lægra en félagið hefur notið undanfarin ár með fyrirvara um endanlega upphæð hverju sinni í samþykktri fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Selfoss ár hvert.

Annar kostnaður við gerð útivistarsvæðisins í Hellisskógi greiðist með framlögum frá Selfossbæ, tekjur af sölu trjáplantna og viðar við grisjum skógarins, styrkjum frá félagssamtökum, stofnunum og einstaklingum, árgjöldum félagsmanna og styrkjum sem félagið fær frá Skógrækt ríkisins eða öðrum aðilum.

Félagsmenn Skógræktarfélags Selfoss leggja fram launalaust starf við útplöntun minnst tvö kvöld á ári hverju. Önnur vinna verður unnin af öðrum sjálfbóðaliðum, unglíngavinnu, starfsmönnum Selfossbæjar eða launuðum verktökum undir verkstjórn starfsmanns félagsins í samvinnu við garðyrkjustjóra Selfoss.

5.gr.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss leggur fram til Selfoskaupstaðar eigi síðar en í nóvember ár hvert tillögur sínar um framkvæmdir í Hellisskógi ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun fyrir næsta fjárhagsár. Bæjarstjórn Selfoss tekur þessar tillögur til meðferðar og veitir fé til þess er hún kann að fallast á svo og þess sem hún sjálf kann að vilja láta vinna í Hellisskógi.

6.gr.

Í lok hvers starfsárs sendir stjórn Skógræktarfélags Selfoss bæjarstjórn Selfoss skýrslu um unnin störf ásamt reikningsskilum fyrir því fé sem varið hefur verið til framkvæmda í Hellisskógi.

7.gr.

Bæjarstjórn Selfoss og Skógræktarfélag Selfoss setja reglur um alla starfstilhögun í Hellisskógi. Reglum þeim má breyta eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma án þess að breyta samningi þessum.

8.gr.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 5 ára fyrirvara. Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða samningsins sem ekki næst að finna

lausn á sem aðilar samningsins sætta sig við innan sex mánaða frá því að ágreiningurinn er staðfestur í fundargerðarbókum bæjarstjórnar Selfoss eða Skógræktarfélags Selfoss, með gagnkvæmri tilkynningarskyldu þar um, er aðilum heimilt að segja upp samningnum með eins árs fyrirvara. Uppsagnartími miðast við 1. nóvember ár hvert.

9.gr.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt fer til þinglýsingar og í vörslu hjá þinglýsingarfulltrúa. Við undirritun og samþykki samningsins fellur úr gildi eldri samningur aðila frá 1. okt. 1985.

Selfossi, 19 maí 1994

Karl Björnsson, bæjarstjóri

Valdimar Bragason formaður

Vottar að réttri dagsetningu, fjárhæð og undirskrift :

_____ kt. _____

_____ kt. _____